

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 21. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0052
IAS

Efni: Metanólframleiðsla í Auðlindagarðinum á Reykjanesi – Kynning á matsáætlun.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 24. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar matsáætlun fyrir metanólframleiðslu í Auðlindagarðinum á Reykjanesi.

Framkvæmdin felst í því að reisa 28 MW verksmiðju, við Reykjanesvirkjun á Reykjanesi, til framleiðslu á grænu metanóli. Ferlið kallast á ensku power-to-X (PtX) og felst í því að nýta raforku til myndunar metanóls. Vetni (H_2) og koldíoxíð (CO_2) er látið hvarfast saman til þess að mynda metanól (CH_3OH). Vetnið er fengið með rafgreiningu vatns og til rafgreiningar er nýtt rafmagn frá Reykjanesvirkjun. Koldíoxíðið er fengið úr afgasi virkjunarinnar. Í afgasinu eru önnur gös en koldíoxíð og því þarf að hreinsa gasið til þess að mögulegt sé að nýta það. Helstu mannvirki verksmiðjunnar eru rafgreiningarstöð, CO_2 hreinsistöð og metanólstöð. Aðföng sem þarf til framleiðslunnar eru raforka, gas ríkt af CO_2 og ferskt vatn. Nýtanlegar aukaafurðir eru heitur sjór, súrefni, CO_2 og vetni sem nýta má á innlendum markaði, sérstaklega innan Auðlindagarðsins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að þótt framkvæmdasvæðið sé mikið raskað í dag þá er framkvæmdin staðsett á náttúruverndarsvæðum, bæði á svæði á C-hluta náttúru-minjaskrár og á hverfisverndarsvæðum. Reykjanesið er einstakt svæði með tilliti til jarðminja og jarðfræðilegra ferla og verndargildi svæðisins í því tilliti afar hátt. Allar framkvæmdir þurfa því að taka tillit til þess og allt frekara rask á svæðinu mun rýra verndargildi svæðisins meir en þegar orðið er. Er það neikvæð þróun að mati Náttúrufræðistofnunar. Framkvæmdin á verksmiðjunni ein og sér mun hafa tiltölulega væg áhrif í samanburði við ýmislegt annað sem komið hefur til framkvæmda á svæðinu eða er í burðarliðnum en margt smátt gerir eitt stórt. Að mati Náttúrufræðistofnunar er æskilegt að fjallað verði um jarðfræði Reykjanessins í matskýrslu en stofnunin gerir ekki aðrar athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

